

Mánudagurinn 30. október 1972.

gegn

Nr. 63/1971. **Daníel Daníelsson**
(Skúli Pálsson hdl.)

Stjórn Sjúkrahússins á Húsavík s/f
f. h. sjúkrahússins
(Magnús Óskarsson hrl.).
og gagnsök

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Samningar. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1971. Krefst hann þess aðallega, að frávíking hans úr stöðu yfirlæknis við Sjúkrahúsið á Húsavík verði dæmd ólögmet og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum skaðabætur samtals kr. 1.586.394.00 auk 7% ársvaxta frá 30. september 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 586.394.00 auk 7% ársvaxta frá 30. september 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1971. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna. Í bréfi Læknafélags Reykjavíkur frá 5. október 1972 segir m. a.:

„1. Í launadeilu lækna við Reykjavíkurborg og ríkisvald árið 1966 kom til uppsagnar hjá einstökum læknum. Þeir læknar, er þá sögðu upp stöðum sínum, gerðu

- það með 3ja mánaða fyrirvara gagnvart hvorum aðila.
2. 26. maí 1966 voru undirritaðir samningar milli Læknafélags Reykjavíkur annars vegar og stjórnarnefndar ríkisspítalanna hins vegar, þar sem kveðið var á um gagnkvæman 2ja mánaða uppsagnarfrest. Ekkert slíkt ákvæði var sett í samninga L. R. við Reykjavíkurborg. Þegar til uppsagnar einstakra lækna kom árið 1970, settu lækna 3ja mánaða uppsagnarfrest gagnvart Reykjavíkurborg, en 2ja mánaða gagnvart stjórnarnefnd ríkisspítalanna.
 3.
 4. Ekki verður annað séð en lækna hafi ávallt talið uppsagnarfrest gagnkvæman.“

Í bréfi framkvæmdastjóra Borgarspítalans sama dag segir m. a.:

„Frá því að lækna í þjónustu Reykjavíkurborgar hurfu úr launakerfi opinberra starfsmanna árið 1966, hefur verið litið svo á af borgarinnar hálfu, að stöður einstakra lækna væru uppsegjanlegar. Á lengd uppsagnarfrestsins hefur reynt, þegar lækna hafa sagt upp störfum, og á því tímabili, sem hér um ræðir, sögðu lækna undantekningalaust upp með þriggja mánaða fyrirvara. Reykjavíkurborg var því samála, að þrjú mánuðir væri réttur uppsagnarfrestur, og tók uppsagnir lækna gildar hverju sinni. Að sjálfsgöðu var litið svo á, að uppsagnarfrestur af borgarinnar hálfu væri einnig þrjú mánuðir, þótt á það reyndi ekki í framkvæmd.“

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákvæði laga nr. 38/1954 eigi ekki við um kjör aðaláfrýjanda. Í ráðningarsamningi aðilja frá 13. nóvember 1968 er ekki getið um uppsagnarfrest, en tekið er fram í 1. gr., að um almenn ráðningarkjör skuli „fara eftir samningi L. R. og Reykjavíkurborgar frá 18. desember 1967 og fylgja breytingum og viðaukum, sem kunna að verða gerðir á þeim samningi, eftir því sem við á.“

Telja verður, að aðaláfrýjandi hafi með fyrrgreindu ákvæði skuldbundið sig til að hlíta þeim ráðningarkjörum, sem giltu milli Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, ef ekki væri á annan hátt boðið í samningi aðilja.

Í samningi Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar frá 18. desember 1967 er ekki kveðið á um uppsagnarfrest ráðningarsamninga einstakra lækna, og sama gegnir um samning sömu aðilja frá 4. febrúar 1969, sem gilti frá 1. júlí 1968 til 30. apríl 1969, svo og um samning sömu aðilja frá 1. ágúst 1969, sem gilti frá 1. maí 1969 til 30. apríl 1970.

Svo sem rakið var hér að framan, var ekkert uppsagnarákvæði um ráðningarsamninga lækna í heildarsamningi Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur frá 18. desember 1967 og í síðari heildarsamningum, sem hér skipta máli.

Í framangreindum yfirlýsingum Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar felst, að þeir aðiljar eru sammála um, að ráðningarsamningar einstakra lækna samkvæmt heildarsamningum þeim, sem hér eiga við, hafi verið uppsegjanlegir af hálfu beggja aðilja og að uppsagnarfrestur hafi verið jafnlangur fyrir hvorn aðilja um sig. Þessi málsöggu benda einnig til þess, svo langt sem þau ná, að lækna hafi í reynd sagt upp ráðningarsamningum sínum með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Þegar höfð er í huga tilhögun á uppsögn lækna á störfum sínum samkvæmt þeirri starfsskipan, sem gilti fyrir 18. desember 1967, og virt er framkvæmd samninga Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, að því er uppsögn varðar, verður að túlka samning þann, sem gilti um skipti aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda svo, að uppsagnarfrestur hafi verið þrjú mánuðir, enda hefur ekki verið bent á neina sérstaka heimild fyrir því, að sá frestur eigi að vera lengri.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, sagði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda upp störfum 24. júní 1969 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt því ber að

sýkna gagnáfrýjanda af öllum kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, stjórn Sjúkrahússins á Húsavík s/f f. h. sjúkrahússins, skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Daníels Daníelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Húsavíkur 18. febrúar 1971.

1.0

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 27. febrúar 1970. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 18. febrúar 1971, og var málið dómtekið sama dag.

Stefnandi málsins er Daníel Daníelsson yfirlæknir, til heimilis að Mýrargötu 24, Neskaupstað.

Stefndi er stjórn Sjúkrahússins á Húsavík s/f fyrir hönd sjúkrahússins.

Stefnandi hefur breytt kröfum sínum örlítið með samþykki stefnda frá því, sem þær eru fram settar í stefnu. Dómkröfur stefnanda eru nú þessar: „Aðalkrafa: Frávikning stefnanda úr stöðu yfirlæknis við Sjúkrahúsið á Húsavík verði dæmd ólög- mæt og að stefnd verði dæmd til að greiða stefnanda bætur vegna hinnar ólögmetu brottvikningar, sem svari til sex mánaða launa, jafnhárna og stefnandi hafði í september 1969, auk launa fyrir gæzluvaktir, eftir- og yfirvinnu, að bílastyrk með- töldum, kr. 64.399.00 á mánuði, eða kr. 386.394.00 Ennfremur kr. 1.000.000.00 sem bætur fyrir miska, óþægindi og röskun á stöðu og högum og kr. 200.000.00 fyrir kostnað við ferðalög og flutning frá Svíþjóð um Reykjavík til Húavíkur 1968 og frá Húsavík til Neskaupstaðar 1969, eða alls kr. 1.586.394.00.

Varakrafa: Að stefnd greiði stefnanda bætur, sem samsvari launum í sex mánuði, eftir 30. september 1969, alls kr. 386.394.00 og kr. 200.000.00 í flutnings- og ferðakostnað.

Krafizt er 7% ársvaxta af tildæmdri fjárhæð frá 30. septem- ber 1969 og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.“

Stefnandi gerir ekki kröfu til þess, að skorið sé sérstaklega úr lögmati frávíkningarinnar fram yfir það, sem fjárkröfur hans gefa tilefni til.

Stefndi krefst algerrar sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins.

Með úrskurði, dags. 27. febrúar 1970, vék hinn reglulegi dómari, bæjarfógetinn á Húsavík, sæti í máli þessu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 1. júní 1970, var Stefán M. Stefánsson borgardómari skipaður setudómari til að fara með og dæma mál þetta, og er hann formaður dómsins.

Meðdómsmenn eru Guðmundur Jónsson borgardómari og Guðmundur Pétursson læknir.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

2.0

2.1. Síðari hluta vetrar árið 1966 hafði stefnandi ákveðið að segja lausu héraðslæknisembættinu í Húsavíkurbýráði, sem hann hafði þá gengt um sjö ára skeið. Þennan tíma hafði hann jafnframt verið sjúkrahúslæknir á Húsavík. Ekki kveðst stefnandi þá hafa verið búinn að fullráða það við sig, hvort hann settist að í Reykjavík sem starfandi læknir eða færi utan til framhaldsnáms til þess að öðlast sérfræðingsréttindi í einhverri grein læknisfræði.

Um þessar mundir ákvað stjórn Sjúkrahússins í Húsavík, að stofna stöðu yfirlæknis við hið nýja sjúkrahús, sem þá var í smíðum. Var staðan auglýst laus til umsóknar. Fáum dögum áður en umsóknarfrestur rann út, hafði enginn sótt um stöðuna, og kveðst stefnandi þann 9. apríl 1966 hafa ákveðið að sækja um hana, enda þótt hann hefði þá ekki tekið fullnaðar-ákvörðun um það, hvort hann tæki við stöðunni.

Á vegum Sjúkrahússins í Húsavík s/f starfar svonefnt framkvæmdaráð, sem hefur einkum með höndum framkvæmdastjórn sjúkrahússins. Á fundi framkvæmdaráðs þessa þann 12. apríl 1966 var eftirfarandi samþykkt gerð:

„Framkvæmdaráð Sjúkrahússins í Húsavík beinir því til Daníels Danielssonar, héraðslæknis, að hann íhugi það að sækja þegar um sjúkrahúslæknisstöðuna við Sjúkrahús Húsavíkur, og vill framkvæmdaráðið mæla með því við landlækni, að hann bendi á Daníel til starfsins. Það er skoðun framkvæmdaráðs, að í ljós hafi

komið í starfi Daníels við sjúkrahúsið, að hann hafi bæði reynslu og hæfni, sem nauðsynleg er sjúkrahúslækni. Formanni falið að tala við Daníel Daníelsson.“

Á sama fundi var einnig samþykkt eftirfarandi:

„Framkvæmdaráð Sjúkrahúss Húsavíkur lítur svo á, að læknaþörf Húsavíkur og nágrennis verði eigi fullnægt til frambúðar nema með nýrri skipan læknamála. Sú nýskipan telur framkvæmdaráðið, að eigi að vera í því fólgin fyrst og fremst, að sett verði upp læknastöð í Húsavík, er þjónað gæti og fullnægt læknaþjónustuþörf stærra svæðis, enda verði gerðar aðrar þær ráðstafanir í þessu sambandi, sem nauðsynlegar reynast, til að nýskipan þessi eða önnur því lík nái tilætluðum tilgangi.“

Á stjórnarfundi Sjúkrahúss Húsavíkur s/f 2. júní 1966 er þetta m. a. bókað:

„Formaður gat þess, að á sínum tíma eða á fundi s.l. vors eða 12. 4. 1966 hefði framkvæmdaráð samþykkt að fara þess á leit við Daníel Daníelsson, að hann sækti um stöðu sjúkrahúslæknis hér. Kom þá þegar í ljós, að Daníel hafði sótt um stöðuna, og var hann eini umsækjandinn.“

Svar landlæknis var á þessa leið í aðalatriðum: „Samkvæmt tillögu minni hefur dómsmálaráðuneytið úrskurðað, að umsækjandi skuli teljast hæfur til að gegna stöðunni, en með því skilyrði, að hann stundi framhaldsnám a.m.k. eitt ár í handlækningum, lyflækningum og fæðingarhjálp, áður en hann tekur við starfinu, og að hann leggi fram skilríki um námið að því loknu . . .“

Þessu fylgdi umsókn Daníels og bréf ráðuneytisins til landlæknis. Eftir stuttar umræður var samþykkt eftirfarandi:

Sjúkrahússtjórn samþykkir að ráða Daníel Daníelsson, yfirlækni, að Sjúkrahúsinu á Húsavík samkvæmt meðmælum landlæknis, enda ljúki hann framhaldsnámi því, er landlæknir setur sem skilyrði fyrir stöðuveitingunni, áður en hann tekur við stöðu yfirlæknis við Sjúkrahúsið á Húsavík.“

Af skjölum málsins verður eigi séð, að frekar hafi verið fjallað um ráðningu stefnanda að sinni. Þann 19. september 1966 samþykkti stjórn sjúkrahússins þó að aðstoða stefnanda um útvegum lána til byggingar sjúkrahúslæknisbústaðar og um skyldu sjúkrahússins til þess að kaupa bústaðinn, ef læknir hyrfi úr starfi. Enn fremur var samþykkt, að stefnandi fengi greitt 25% af launum aðstoðarlæknis frá 5. júlí 1966, þar til hann tæki til starfa við sjúkrahúsið.

Er nú ekki að orðlengja það, að stefnandi fór utan til Svíþjóðar ásamt skylduliði sínu til undirbúnings undir sjúkrahússtarfið í samræmi við fyrirmæli landlæknis um skilyrði fyrir stöðuveitingunni. Með leyfi sjúkrahússtjórnar kveður stefnandi sig hafa dvalizt í Svíþjóð í tæp tvö ár við störf á sjúkrahúsum, og kom hann heim seint í ágústmánuði 1968 til þess að taka við starfi sínu hjá stefnda.

Meðan stefnandi var við nám erlendis samkvæmt framsögðu, eða jafnvel fyrr, reis ágreiningur milli hans og stariandi lækna í héraðinu. Verður nánar um það fjallað í 2.2., en hér skal þess aðeins getið, að á fundi framkvæmdaráðsins þann 22. september 1967, var þetta bókað að ósk bæjarstjóra:

„Ef ekki næst samkomulag milli núverandi lækna í Húsavík og Daníels Daníelssonar um starfsskiptingu og starfskjör og ef líkur eru á því, að þeir hverfi héðan úr starfi við það, að hann taki við störfum yfirlæknis spítalans, tel ég, að sjúkrahússtjórn beri að segja honum upp störfum.“

Á fundi stjórnar sjúkrahússins þann 8. nóvember 1968 var fjallað um starfskjör stefnanda. Er þá m. a. þetta bókað:

„Stjórn Sjúkrahússins í Húsavík samþykkir samning um laun og kjör yfirlæknis Daníels Daníelssonar frá 13. október 1968, sem gerður var af formanni Læknafélags Íslands og formanni samninganefndar félagsins f. h. yfirlæknis og Læknafélags Íslands og af ráðsmanni sjúkrahússins f. h. Sjúkrahússins í Húsavík hinsvegar með þeirri breytingu, að við 4. gr. bætist „að því tilskyldu, að formaður sjúkrahússtjórnar fallist á hverju sinni“.

Uppsögn ráðningar skal vera samkvæmt reglum um samþærliga starfsmenn hjá Reykjavíkurborg hverju sinni.

Kjör samkvæmt samningum skulu taka gildi frá og með 1. október 1968.

Stjórnin felur formanni að staðfesta samninginn f. h. Sjúkrahússins í Húsavík.“

Hinn endanlegi ráðningarsamningur við stefnanda er dagsettur 13. nóvember 1968. Hljóðar hann svo:

„S A M N I N G U R :

milli Sjúkrahússins í Húsavík s.f. og Daníels Daníelssonar, yfirlæknis.

1. gr.

Almenn ráðningarkjör skulu fara eftir samningi L. R. og

Reykjavíkurborgar frá 18. desember 1967 og fylgja breytingum og viðaukum, sem kunna að verða gerðir á þeim samningi eftir því sem við á.

2. gr.

Daníel Daníelsson nýtur réttinda og kjara sbr. 1. gr. svo sem við á um yfirlækna hverju sinni.

3. gr.

Meðan núverandi rekstur sjúkrahússins stendur og þar til nýbyggingin verður tekin til fullra nota, skipta lækna þannig með sér bakvöktum, að yfirlæknir hefur $\frac{1}{3}$ hluta gæzluvakta við sjúkrahúsið, jafnhliða héraðsvakt, og þeir lækna, er gegna aðstoðarlæknisstöðu, hafa $\frac{2}{3}$ hluta gæzluvakta við sjúkrahúsið, jafnhliða héraðsvakt. Lækna ákveði sjálfir fyrirkomulag vaktanna.

4. gr.

Yfirlæknir skal eiga rétt til óskertra launa og greiðslu ferðakostnaðar, þegar hann dvelur utan Húsavíkur í erindum sjúkrahússins, að því tilskyldu að stjórnarformaður fallist á hverju sinni.

5. gr.

Semja ber sérstaklega við sjúkrahússtjórn um húsnaði yfirlæknis.

6. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. október 1968.

Samningur þessi er gerður samkvæmt samningsuppkasti samþykktu af formanni Læknafélags Íslands og formanni samninganefndar þess, samanber yfirlýsingu frá 23. okt. 1968 og staðfestur með viðauka við 4. grein, að leyfi stjórnarformanns þurfi til, af stjórn Sjúkrahússins í Húsavík s.f. á fundi 8. nóvember 1968.

Daníel Daníelsson

Húsavík, 13. nóvember 1968.
 Þormóður Jónsson
 formaður sjórnar Sjúkrahússins
 í Húsavík s.f. skv. umboði.

.....“

Eins og ljóst verður með samanburði, er ákvæðið um uppsögn ráðningar, sem getið er um í framangreindri bókun, ekki að finna í samningnum.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi leitað til framkvæmdastjóra Læknafélags Íslands og innt hann eftir því, hvers konar samningar kæmu til greina milli aðilja máls þessa. Framkvæmdastjórinn hafi upplýst, að um tvenns konar samninga væri að ræða. Annars vegar svo nefnda eyktarsamninga, sem væru miðaðir við lausráðna lækna, og hins vegar samninga Læknafélags Reykjavíkur fyrir hönd yfirlækna við Reykjavíkurborg um fasta stöðu læknis. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því, að síðarnefnda fyrirmyndin yrði notuð um starfskjör sín. Kveðst stefnandi hafa óskað eftir því við Læknafélag Reykjavíkur, að það annaðist samningsgerð fyrir sína hönd í samræmi við framanritað. Stefnandi kvaðst hafa átt tal við ritara Læknafélags Reykjavíkur og óskað eftir því sérstaklega, að læknafélagið setti inn ákvæði í samninginn þess efnis, að um fasta stöðu væri að ræða. Síðan hafi hann fengið sent samningsuppkast, en í því hafi ekkert ákvæði verið um fasta stöðu. Kveðst hann þá hafa litið svo á samkvæmt þeim túlkunum, sem læknafélagið hafi gefið, að slíkt ákvæði væri óþarft, og ekki gert neinar athugasemdir. Stefnandi kvaðst ekki hafa fengið vitneskju um framangreinda bókun stjórnar sjúkráhusins um uppsögn ráðningarsamningsins.

Áskell Einarsson er ráðsmaður hins stefnda félags. Í vitna- skýrslu fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi ann- azt samninginn af hálfu stefnda. Tvenns konar samningsfyrir- myndir hafi komið til greina, en vitnið kvaðst þeirrar skoðunar, að samningar læknafélagsins við Reykjavíkurborg væru þess eðl- is, að þar væri um að ræða stöður með ákveðnum uppsagnar- fresti.

Er vitnið kvaðst hafa athugað uppkast að ráðningarsam- ningi aðilja, sem gert hafi verið, kveðst það hafa tekið eft- ir því, að ákvæði um uppsögn hafi vantað í samninginn. Úr því kveðst vitnið hafa bætt með því að láta bóka í gerðarbók félagsins ákvæði þar um uppsögn, sem hér að framan hefur verið rakið. Vitnið kvaðst ekki vita, hvers vegna ákvæði þetta hafi ekki verið tekið upp í hinn endanlega samning, enda kvaðst vitnið ekki hafa verið við gerð hans. Hins vegar kvaðst vitnið gera ráð fyrir því, að um gleymsku hafi verið að tefla.

Þormóður Jónsson er formaður framkvæmdaráðs og stjórnar

hins stefnda félags. Hann kvaðst ekki vita betur en að hugmynd stjórnar sjúkrahússins hafi verið sú, að samningurinn við yfirlækninn færi eftir þeim almennu reglum, sem læknafélagið setti sér, hliðstæðum þeim samningum, sem læknafélagið hafði gert í öðrum tilvikum fyrir hönd yfirlækna.

Ekki þykir ástæða til að fjalla hér nánar um ráðningarsamning aðilja máls þessa og tildrög hans. Aðeins skal þess getið, að í framburði Jónasar Egilssonar, sem var í varastjórn stefnda, kemur fram, að þegar hafi verið samþykkt að ráða stefnanda til starfans á árinu 1966, hafi það verið eindregin skoðun fyrisvarsmanna stefnda, að um framtíðarstöðu yfirlæknisins væri að ræða. Í framburðum annarra stjórnarmanna stefnda kemur hins vegar ekki fram nein ákveðin skoðun þeirra á því, hvort staða yfirlæknis hafi átt að vera óuppsegjanleg eða ekki.

2.2. Um svipað leyti og stefnandi fór utan til Svíþjóðar, voru ráðnir tveir lækna til Húsavíkur, þeir Gísli G. Auðunsson og Ingimar Hjálmarsson. Gegndu þeir störfum héraðslæknis og störfum sjúkrahúslæknis í sameiningu.

Samstarf lækna þessara virðist hafa verið mjög náíð. Þeir sýnast hafa sinnt læknisstörfum í náinni samvinnu, bæði á sjúkrahúsinu og í héraðinu. Ábyrgð þeirra gagnvart hinum ýmsu þáttum læknisþjónustunnar telja þeir þá sömu. Allar tekjur lækna runnu í sameiginlegan sjóð, er þeir skiptu síðan til helminga.

Það kom fljótt í ljós, að skoðanaágreiningur var milli stefnanda og framangreindra lækna um framkvæmd heilbrigðisþjónustu á Húsavík.

Höfuðágreiningurinn er í því fölginn, að stefnandi taldi, að stöðu yfirlæknis fylgdu ákveðnar skyldur og ábyrgð, sem ekki yrði dreift yfir á aðra lækna, en hinir tveir lækarnir vildu hafa samstarf við stefnanda á svipuðum grundvelli og þeir sjálfir höfðu haft sín í milli. Stóð í bréfaskriftum milli stefnanda, er þá var í Svíþjóð, og áður nefndra lækna um þessi mál, án þess að þeim tækist að jafna ágreininginn. Bréfaskipti þessi enduðu með því, að lækarnir Gísli og Ingimar vísuðu málinu til stjórnar Læknafélags Íslands. Enn fremur hefur bæði bæjarstjórn og sjúkrahússtjórn Húsavíkur látið mál þetta þá strax til sín taka.

Stefnandi kom til Reykjavíkur seint í ágústmánuði 1968. Hélt hann þegar á fund með stjórn Læknafélags Íslands, fyrst einn

og síðan ásamt læknum Gísla og Ingimar, þar sem þess var freistað að jafna þann ágreining, sem orðinn var.

Stefnandi telur sig fljótlega hafa orðið varan við það, að stjórn sjúkrahússins og áður nefndir læknar hygðust gera honum erfið fyrir í starfi. Þannig hafi verið keyptur læknisbústaður fyrir yfirlækninn fyrir ríkisframlag, en í þófi hafi gengið að fá þann lækni, sem í bústaðnum bjó, til að rýma hann, er stefnandi tók við yfirlæknisstöðunni.

Á fundi sjúkrahússtjórnar 4. september 1968 var enn reynt að jafna ágreining lækna. Að tilhlutan framkvæmdaráðs sjúkrahússins og samkvæmt bréfi stefnanda, dags. 17. september 1968, var lagt til, að stofnuð yrði aðstoðarlæknisstaða við sjúkrahúsið. Læknarnir Gísli og Ingimar voru ráðnir í starf þetta (ein staða), og var það samþykkt á fundi sjúkrahússins 1. október 1968.

Um þetta leyti virðist hafa rofað verulega til í deilumálum lækna, enda höfðu þeir þá gert með sér samkomulag í stórum dráttum, samstarfssamning.

Fljótlega sótti þó aftur í sama horf, og á fundi framkvæmdaráðs sjúkrahússins 19. desember 1968 er bókað, að læknarnir Gísli og Ingimar hafi sagt upp starfi sínu við sjúkrahúsið frá og með 15. febrúar 1969 að telja. Ástæðan sé ósamkomulag milli lækna tveggja og stefnanda og raunverulega allt starf lækna í héraðinu.

Á þessum fundi virðist hafa verið samþykkt, að læknarnir legðu fram tillögur um starfsreglur, hvor deiluaðili í sínu lagi. Tilgangurinn var sá að reyna að brúa bilið í deilum lækna. Stefnandi svaraði beiðni þessari með bréfi, dags. 30. desember 1968. Kveðst hann hafa lagt fram drög að starfsreglum fyrir aðstoðarlækna á framangreindum fundi framkvæmdaráðsins 19. desember 1968 og ekki telja ástæðu til að senda framkvæmdaráði nýjar tillögur um þau mál.

Læknarnir Gísli og Ingimar sýnast hafa sent framkvæmdaráði tillögur sínar. Tilraunir til að jafna ágreininginn báru þó ekki árangur.

Þann 12. janúar 1969 kom til Húsavíkur sendinefnd frá Læknafélagi Íslands. Átti hún fundi með fyrirsvarsmönnum sjúkrahússins og læknum í því skyni að finna samstarfsgrundvöll milli lækna. Þann 21. janúar 1969 undirritaði stjórn læknafélagsins og sendi frá sér svonefnda „grind fyrir lækna-samstarf

fyrir Sjúkrahús Húsavíkur“, og fylgdi svohljóðandi bréf með greinargerð þessari:

„21. jan. 1969.

Kæru Collegar,

Með skírskotun til viðræðna okkar á Húsavík 12. og 13. jan. s.l. sendum við hér með grind fyrir læknasamstarf við sjúkrahúsið á Húsavík, miðað við núverandi aðstæður, en með hliðsjón af þróun lækningastarfs þar í nánustu framtíð. Í tillögum þessum er að sjálfsögðu aðeins dregið á nokkur atriði, sem við teljum, að mestu máli skipti fyrir grundvöll að góðu samstarfi.

Í þessu sambandi viljum við benda á, að eftirfarandi ályktun var samþykkt á síðasta aðalfundi L. Í. (1968), og teljum við, að efni hennar snerti aðstæður á Húsavík:

„Æskilegt er, að læknameiðstöðvar í dreifbýli séu reknar í nánnum tengslum við sjúkrahús, þannig að öll aðstaða, húsa- kynni, tæki og starfslið nýtist sameiginlega og allar upplýsingar um sjúklinga liggi fyrir á einum stað. Þessi sjúkrahús þurfa að vera heimilislækningasjúkrahús, þar sem allir læknar stöðvarinnar hafa jafna aðstöðu“.

Það eru eindregin tilmæli stjórnar Læknafélags Íslands, að læknar á Húsavík leitist við að byggja samstarf á tillögum þeim, sem fylgja bréfi þessu, og einnig með hliðsjón af ýmsum þeim atriðum, sem fram komu í viðræðum okkar á Húsavík. Við teljum, að reynslutími til þess að skapa samstarfsgrundvöll með þeim hætti, sem að ofan segir, megi vart vera minni en 3—4 mán.

Ef þið teljið, að mikilvæg atriði vanti inn í meðfylgjandi grind um læknasamstarf eða atriðum sé þar ofaukið, er stjórn Læknafélags Íslands að sjálfsögðu fús að taka slíkar ábendingar til skjótrar athugunar.

F. h. stjórnar Læknafélags Íslands
Arinbjörn Kolbeinsson
(formaður)
Friðrik Sveinsson
(ritari).“

Ekki náðist samkomulag milli lækna þrátt fyrir þessar tilraunir. Á fundi stjórnar sjúkrahússins þann 22. febrúar 1969 er að finna svofellda bókun, sem sýnir, hver niðurstaðan varð af þessum tilraunum: „... Formaður stjórnarinnar, Þormóður

Jónsson, setti fundinn og skýrði frá tilefni hans, sem var óleyst ágreiningsatriði milli læknanna.

Ráðsmaður sjúkrahússins las upp bréf frá stjórn Læknafélagsins, sem voru tillögur um starfsskiptingu læknanna.

Þá las ráðsmaðurinn upp bréf frá læknunum Gísla G. Auðunssyni og Ingimar S. Hjálmarssyni, og tjá þeir sig fúsa til að lúta tillögum Læknafélagsins.

Ráðsmaður las því næst upp bréf frá Daníel Daníelssyni til stjórnar sjúkrahússins, og gerir hann þar grein fyrir skoðunum sínum á tillögum stjórnar Læknafélagsins, er hann telur sig ekki geta fallizt á, og skýrir hann þar jafnframt skoðanir sínar almennt á þessum ágreiningsatriðum.

Einnig voru lesnar upp tillögur Daníels Daníelssonar um verkaskiptingu læknanna.

Ráðsmaður getur þess, að Læknafélagið hafi gefið þetta frá sér, en að landlæknir sé fús við að aðstoða við lausn þessa máls og þá einkum í því að setja ákveðnar reglur um starfsgrundvöll. . . . Samþykkt var af stjórn sjúkrahússins, að reglur verði settar. Í samræmi við það og í framhaldi af því var borin upp og samþykkt samhljóða eftirfarandi tillaga: „Stjórn Sjúkrahúss Húsavíkur telur að nauðsynlegt sé að setja reglur um starfs hætti lækna innan sjúkrahússins til þess að tryggja rekstur þess og fullnýta læknakostinn og ákveður því að neyta heimildar 2. greinar sjúkrahúsálaga um að setja starfsrekstrarreglur fyrir sjúkrahúsið, einkum er varðar starfssvið læknanna. Jafnframt samþykkir hún, að reglurnar komi til framkvæmda, þegar regluleg sjúkrahússtarfsemi hefst í nýja sjúkrahúsinu. Stjórnin samþykkir að fela ráðsmanni, formanni sjúkrahússtjórnar og Einari M. Jóhannessyni að leita eftir við heilbrigðismálastjórn að hefja samvinnu við hana um gerð frumvarps um starfsreglur, sem gerðar verði í samráði við fulltrúa frá Læknafélagi Íslands““

2.3. Svo er að sjá sem stefndi hafi tekið málið í sínar hendur upp úr þessu. Í vitnaskýrslu Björn Friðfinnssonar bæjarstjóra hér fyrir dómi segir m. a. á þá leið, að hann hafi verið staddur í Reykjavík ásamt mönnum úr bæjarstjórn í öðrum erindagerðum (í febrúar eða marz 1969). Hafi þá komið til tals vandræði sem orðið höfðu milli læknanna, enda hafi þá legið fyrir, að allar tilraunir til sáttá hafi reynzt árangurslausar. Þeir hafi þá orðið ásáttir um að ganga á fund landlæknis og ræða við hann um þessi mál. Á fundi með landlækni og þremur bæjarstjórn-

armönnum segir vitnið hafa komið fram, að setja yrði niður deilur læknanna með reglugerð. Í framhaldi af þessu kvaðst vitnið hafa hringt í Áskel Einarsson, ráðsmann stefnda, og hafi hann komið suður ásamt Þormóði Jónssyni stjórnarformanni.

Í framburði nefnds Þormóðs hér fyrir dómi segir hann, að Læknafélag Íslands hafi óskað eftir því að fá að taka þátt í samningu reglugerðarinnar og eiga fulltrúa að þeirri samningu. Enn fremur hafi landlæknir boðizt til að vera hjálplegur við setningu reglugerðarinnar og í því sambandi útvegað mann, Hauk Benediktsson, framkvæmdastjóra Borgarspítalans í Reykjavík.

Af framburði þessum má ráða, að fundir hafi verið haldnir í Reykjavík og læknarnir á Húsavík ekki verið hafðir með í ráðum um setningu reglugerðarinnar. Síðan segir svo í framburði Þormóðs: „Síðan hafi fundarmenn farið með uppkastið beint til landlæknis, sýnt honum það og átt með honum fund. Á þeim fundi hafi Arinbjörn Kolbeinsson, formaður læknafélagsins, hringt í landlækni og átt tal við hann. Hafi nefndur Arinbjörn á þeim tíma verið búinn að fá uppkastið (að reglugerðinni) hjá Hauki. Hafi Arinbjörn komið með nokkrar breytingatillögur að uppkastinu á nefndum fundi, sem teknar hafi verið til greina. . . . Ekki man mætti, hvort landlæknir sjálfur hafi gert breytingatillögur að uppkastinu á nefndum fundi, en mætti tekur fram, að á fundinum hafi fyrir utan áður nefnda menn verið mættur Jón Thors.

Þá lýsir mætti því, að reglugerðaruppkastið hafi farið beint til ráðuneytisins til staðfestingar eftir þennan fund með landlækni, þó svo, að fulltrúar sjúkrahússins hafi fyrst farið með hana norður og lagt fyrir stjórnina til staðfestingar“.

Þormóður hélt því fram, að reglugerð þessi hafi að meginefni verið byggð á þeim tillögum, sem Læknafélag Íslands hafði gert til að ná sáttum í deilum læknanna á Húsavík, sbr. 2.2.

2.4. Með bréfi sjúkrahússtjórnar, dags. 13. marz 1969, til stefnanda er honum m. a. tilkynnt, að sjúkrahússtjórn hafi samþykkt reglugerðina og að hún sé farin til staðfestingar ráðherra. Svarbréf stefnanda er dags. 15. marz 1969, en það hljóðar svo:

„Stjórn Sjúkrahússins á Húsavík,
hr. formaður Þormóður Jónsson.

Í tilefni tillögu þeirrar, er framkvæmdaráð S. H. samþykkti á fundi sínum þ. 19. þ. m. þess efnis, að ég annars vegar og aðstoðarlæknar sjúkrahússins hins vegar skyldu senda ráðinu

skriflegar tillögur um samstarf yfirlæknis og aðstoðarlækna á sjúkrahúsinu, vil ég leyfa mér að benda framkvæmdaráðinu á eftirfarandi:

- 1) Á nefndum fundi þ. 19/12 lagði ég fram drög að starfsreglum fyrir aðstoðarlækna, sem ég hafði samið skv. eindreginni ósk tveggja framkvæmdaráðsmanna og sjúkrahúsráðsmanns.
- 2) Formaður sjúkrahússtjórnar og ráðsmaður kynntu sér starfsreglurnar vandlega fyrir framkvæmdaráðsfundinn og lýstu sig báðir samþykka þeim í öllum greinum.
- 3) Ég tel það í alla staði óviðurkvæmilegt og stríða gegn grundvallarreglum læknaéttarinnar, að framkvæmdaráðs- og stjórnarfundir S. H. séu vettvangur persónulegra ásakana lækna á milli.

Með tilliti til þess tel ég ekki ástæðu til að senda framkvæmdaráði nýjar tillögur um þessi mál.

Húsavík, 30. desember 1968.

Daníel Daníelsson, sjúkrahúslæknir“.

Framangreind reglugerð hlaut staðfestingu ráðherra þann 11. apríl 1969. Reglugerðin er svohljóðandi:

„R e g l u g e r ð
um

störf lækna við Sjúkrahúsið á Húsavík.

1. gr.

Yfirlæknir sjúkrahússins er formaður læknaliðs þess. Hann hefur réttindi og starfsskyldur samkvæmt sjúkrahúsalögum, en auk þess skal hann skipuleggja heilbrigðisþjónustu spítalans og hafa eftirlit með starfsliði, er að henni starfar. Hann tekur við beiðnum um innritun nýrra sjúklinga og stuðlar að hagræðingu í daglegum rekstri. Hann ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn.

2. gr.

Yfirlæknir og aðrir læknar, sem ráðnir eru að sjúkrahúsinu, skipa samstarfsnefnd, er sé ráðgefandi fyrir stjórn sjúkrahússins um allt, er varðar lækniþjónustu, samstarf og samhæfingu starfskrafta. Hún skal stuðla að þróun í starfsemi sjúkrahússins, þjónustugæðum, menntun lækna og annars starfsliðs. Samstarfsnefnd ber ábyrgð á því, að staðli um lækniþjónustu sjúkrahúsa, ef settur verður, sé fylgt. Yfirlæknir er málsvari samstarfsnefndar gagnvart sjúkrahússtjórn.

3. gr.

Samstarfsnefnd heldur fundi daglega, þegar þess er kostur, og ekki sjaldnar en 2—3 í viku. Á þessum fundum verði m. a. fjallað um eftirfarandi atriði:

- a. Skýrsla um síðustu vakt (vaktir).
- b. Greint sé frá innritun bráðra sjúkdómstilfella í sjúkrahúsið.
- c. Rætt um sjúkdómsgreiningu og meðferð sjúklinga á sjúkrahúsinu og ávallt skýrt frá breytingum á meðferð.
- d. Rædd sérstök sjúkdómstilfelli, valin daginn áður eða með lengri fyrirvara.
- e. Ákvörðun um stundun sjúklinga, þ. á. m. hvaða læknir skuli aðallega annast meðferð „akut“ innlagðs sjúklings (sjúkl-
inga) frá síðasta fundi nefndarinnar.
- f. Væntanlegar útskriftir sjúklinga.
- g. Væntanlegar innritanir sjúklinga.

4. gr.

Um verkskiptingu lækna á sjúkrahúsinu og skiptingu sjúkl-
inga milli lækna fer eftir samkomulagi þeirra og/eða reglum,
er sjúkrahússtjórn setur, að fengnum tillögum samstarfsnefndar.
Innritun bráðra sjúkdómstilfella og fyrstu meðferð annast vakt-
hafandi læknir og gerir sjúkraskýrslu.

Innritun sjúklinga af biðlista skal, sé þess kostur, ákveðin
með nokkrum fyrirvara og hvaða læknir skuli annast hann
öðrum fremur. Stefnt sé að því, að þau hlutföll, sem samkomu-
lag næst um varðandi starfssvið og skiptingu sjúklinga milli
lækna, raskist sem minnst, a. m. k. ekki um lengri tíma.

Útskrift sjúklings og innritun læknabréfs annast sá læknir,
sem aðallega hefur stundað sjúklinginn.

Yfirlæknir mælir yfirleitt fyrir um allar meiriháttar aðgerðir.

5. gr.

Stofugang að morgni annast læknar saman og kynnast með-
ferð sjúklinga hvers annars. Kvöldstofugang annast vakthaf-
andi læknir.

6. gr.

Læknar sjúkrahússins gegna störfum yfirlæknis í fjarveru
hans skv. ákvörðun sjúkrahússtjórnar, að fengnum tillögum
samstarfsnefndar.

7. gr.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda strax, að því leyti sem aðstæður leyfa að mati sjúkrahússtjórnar, en að öllu leyti eigi síðar en 1. apríl 1970.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Sjúkrahússins í Húsavík, staðfestist hér með samkv. 3. mgr. sjúkrahúsalaga nr. 54/1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 11. apríl 1969.
Jóhann Hafstein Jón Thors.“

Að tilmælum stefnanda var haldinn fundur í stjórn sjúkrahússins þann 1. maí 1969. Á fundi þessum lagði stefnandi fyrir stjórn sjúkrahússins eftirfarandi spurningar:

- „1. Eru aðstoðarlæknar hluti af starfsliði þess?
2. Hverjar eru starfsskyldur aðstoðarlæknis?
3. Skal verksvið aðstoðarlækna einvörðungu ákvarðast af óskum þeirra sjálfra? sbr. 4. gr. reglugerðar.
4. Hvað er átt við með skiptingu sjúklinga milli lækna?
5. Í hverju er það fólgið að annast aðallega meðferð sjúklings?
6. Hvernig skal málum ráðið til lykta á fundi svonefndrar samstarfsnefndar?
7. Hvaða skilning ber að leggja í þessa málsgrein 4. gr.: „Stefnt sé að því, að þau hlutföll, sem samkomulag næst um varðandi starfssvið og skiptingu sjúklinga milli lækna, raskist sem minnst, a. m. k. ekki um lengri tíma““.

Síðar á sama fundi má finna bókuð svofelld svör:

„... Þá svaraði Áskell fyrir hönd stjórnar spurningum Daníels:

1. Svar. Já, sbr. 1. gr. rgl.g.
2. Svar. Skv. reglugerð, samkomulagi samstarfsnefndar eða ákvörðun sjúkrahússtjórnar og/eða ráðningarsamningi.
3. Svar. Nei, ekki eingöngu. Samkomulag lækna, ákvörðun sjúkrahússtjórnar eða ráðningarsamningi.
4. Svar. Skipting sjúklinga fer eftir verkaskiptingu þeirri, er verður samkomulag um í samstarfsnefnd eða ákvörðun sjúkrahússtjórnar, ef samkomulag næst ekki um verkaskiptingu.
5. Svar. Það er að gera aðgerðir og dagleg umsjón með sjúklingsi, sérstaklega sbr. verkaskiptingu- og/eða ákvörðun samstarfsnefndar.

6. Svar. Læknir setji samstarfsnefnd fundarsköp, nema óskað sé úrskurðar sjúkrahússtjórnar.
7. Svar. Eins og áður segir, er gert ráð fyrir, að verkaskipting ráði fyrst og fremst skiptingu sjúklinga milli lækna, enda þótt frávik verði um sinn, verði stefnt að því, ef aðstæður leyfa, að verkaskiptagrunðvellingnum verði fylgt eftir.“

Síðar á sama fundi má finna svofellda bókun:

„Dániel sagðist efast um, að reglugerð þessi fengi staðist skv. gildandi lögum um sjúkrahús frá 10. júlí 1964, og myndi hún vafalaust verða dæmd ómerkt f. dómi.

Dániel óskaði eftir því, að bókað yrði eftirfarandi: Um leið og ég lýsi yfir því, að ég dreg mjög í efa lagalegan grundvöll fyrir setningu „Reglugerðar um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík s.f.“ og áskil mér fullan rétt til að vinna að því, að fram fari lögfræðileg könnun á því atriði, mótmæli ég ákveðið þeim einstæðu starfsaðferðum stjórnar S. H. að taka mikilvægar ákvarðanir varðandi heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins án samráðs við starfandi sjúkrahúslækni. Að því er varðar framkvæmd áður-nefndrar reglugerðar vil ég taka það fram, að ég mun telja það skyldu mína að leggja höfuðáherzlu á að skipuleggja heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins eftir beztu getu í samræmi við þær skyldur og fyrirmæli, er sjúkrahúslækni eru á herðar lagðar, samkvæmt 4. gr. núgildandi sjúkrahúsalaga“.

Nokkru áður en umræddur fundur var haldinn, höfðu lækarnir Gísli og Ingimar fallizt á endurráðningu við sjúkrahúsið, þegar reglugerðin hefði verið staðfest og komin til framkvæmda. Læknarnir Gísli og Ingimar mættu á framangreindum fundi stjórnar sjúkrahússins þann 1. maí 1969. Þeir lýstu sig á fundi þessum samþykka, að velflest ákvæði reglugerðarinnar kæmu til framkvæmda nú þegar. Á sama fundi gerði loks stjórn sjúkrahússins eftirfarandi ályktun og sendi stefnanda:

„Bókun Daníels Daníelssonar á fundi sjúkrahússtjórnar 1. maí s.l. er ófullnægjandi og ekki hægt að marka á henni, að hann muni starfa samkvæmt reglugerðum um störf lækna við sjúkrahúsið í Húsavík, en það telur stjórnin nauðsynlegt atriði. Þess vegna krefst stjórnin þess, að hann gefi henni afdráttarlaust svar um það, hvort hann muni hlíta reglunni í hvívetna. Skriflegt svar berist stjórninni eigi síðar en 10. maí n.k.“

Svarbréf stefnanda er dags. 7. maí 1969. Tjáir hann sjúkrahússtjórn í bréfi þessu, að hann muni hlíta umræddri reglu-

gerð að svo miklu leyti sem hún brjóti ekki í bága við gildandi sjúkrahúsálög.

Í samræmi við samþykkt sjúkrahússtjórnar 12. maí 1969 var stefnanda sent svohljóðandi bréf, dags. sama dag.

„Húsavík, 12. maí 1969.

Hr. yfirlæknir Daníel Daníelsson, Húsavík.

Á fundi sínum í dag samþykkti stjórn Sjúkrahússins í Húsavík s.f. eftirfarandi:

Stjórn Sjúkrahússins í Húsavík lítur svo á, að svar Daníels Daníelssonar, yfirlæknis, í bréfi til sjúkrahússtjórnarinnar, dags. 7. maí 1969, sem svar við fyrirspurn síðasta stjórnarfundar um, hvort hann muni hlíta reglugerð um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík, sé ekki afdráttarlaust. Það er álit sjúkrahússtjórnar og heilbrigðisstjórnarinnar, að reglugerðin sé í samræmi við sjúkrahúsálög, og hefur reglugerðin hlotið gildi við staðfestingu ráðherra frá 11. apríl 1969, enda birt þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli, svo sem læknum við sjúkrahúsið í Húsavík.

Þessvegna ákveður sjúkrahússtjórn með skírskotun til 7. gr. rgl.g. að rgl.g. skuli koma til framkvæmda eigi síðar en 25. maí n.k. — að öðru leyti en því, er varðar ákvæði um verkaskiptingu í 1. mgr. 4. gr. og kvöldstofugang í síðustu mgr. 5. gr.

Sjúkrahússtjórnin felur yfirlækni, Daníel Daníelssyni, að hlutast til um, að reglugerðin komi til framkvæmda, eins og þessi samþykkt kveður á um. Jafnframt ákveður stjórnin, að samstarfsnefnd lækna skili tillögum um verkaskiptingu til hennar eigi síðar en 15. júní n.k., bæði er varðar verkaskiptingu við núverandi aðstæður og framtíðarverkaskiptingu.

Þá felur sjúkrahússtjórn framkvæmdaráði að halda áfram viðræðum við lækna sjúkrahússins, sbr. samþ. stjórnarfundar frá 11. marz 1969.

Formanni sjúkrahússtjórnar var falið að kynna læknum sjúkrahússins samþykkt þessa.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Sjúkrahússins í Húsavík s/f
Þormóður Jónsson.“

Svo sem sjá má af ofangreindu bréfi, átti reglugerðin öll að koma til framkvæmda eigi síðar en 25. maí 1969 að undanteknu ákvæðinu um verkaskiptingu og kvöldstofugang. Ástæður til þessara undantekninga um verkaskiptinguna sýnist eftir fram-

burðum Þormóðs Jónssonar, stjórnarformanns stefnda, og Áskels Einarssonar ráðsmanns aðallega hafa verið sú, að reglugerðin hafi verið miðuð við nýja sjúkrahúsið á Húsavík, en það tók fyrst til starfa í maí 1970.

Nefndur Áskell hefur auk þess bent á, að stjórnin hafi viljað hafa nokkurn umþóttunartíma, meðan málið væri að jafna sig.

Svarbréf stefnanda við áðurgreindu bréfi, dags. 12. maí 1969, er dags. 23. maí 1969. Segir í bréfinu, að hann (stefnandi) sjái sér ekki fært að láta umrædda reglugerð koma til framkvæmda að neinu leyti, fyrr en umræður um framkvæmd hennar hafi farið fram.

Þormóður Jónsson, stjórnarformaður sjúkrahússins, sendi stefnanda bréf, dags. 24. maí 1969. Í bréfi þessu segir svo:

„Með skírskotun til bréfs yðar til stjórnar Sjúkrahússins í Húsavík s.f., dags. 23. 5. 1969, vil ég taka fram eftirfarandi: Það er álit mitt, að ákvörðun stjórnarinnar á fundi 12. maí s.l. um, að reglugerðin um störf lækna við sjúkrahúsið skuli koma til framkvæmda eigi síðar en 25. maí 1969, sé bindandi, og ég treysti því, að þér hefjið strax viðræður við samstarfslækna yðar um framkvæmd hennar.“

Þann 9. júní 1969 er haldinn fundur í framkvæmdaráði sjúkrahússins. Er þá m. a. bókað:

„Daníel Daníelsson óskaði eftirfarandi bókunar:

„Ég hef samið starfsreglur fyrir aðstoðarlækni skv. 4. gr. sjúkrahúsalaga og 1. gr. reglugerðar um störf lækna við S. H. og ætlast til þess, að eftir þeim reglum verði farið.“

Þá lýsi ég því yfir, að ég er reiðubúinn til að framkvæma þau atriði reglugerðar um störf lækna, sem saman fara við ákvæði gildandi sjúkrahúsalaga skv. þeim tulkunum laganna, er ég hef fengið hjá lögfræðingi L. Í.“

Það er skoðun Daníels Daníelssonar, að reglugerðin sé óframkvæmanleg, eins og hún liggur fyrir, og geti hann því ekki framkvæmt samþykkt sjúkrahússtjórnar frá 12. maí 1969.

Formaður spurði Daníel eftirfarandi spurningar:

Eru til ákvæði í reglugerðinni um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík, sem þú ætlar ekki að hlíta?

Svar Daníels: Það leiðir af sjálfu sér.

Gísli og Ingimar lýstu því yfir, að afstaða þeirra til reglugerðarinnar sé óbreytt.“

Starfsreglur þær, sem stefnandi kveðst hafa samið samkvæmt ofanrituðu, hafa verið lagðar fram í málinu og hljóða svo:

„Starfsreglur fyrir aðstoðarlækna við S. H.

1. Aðstoðarlæknar skulu ganga stofugang ásamt sjúkrahúslækni svo og einir, ef sjúkrahúslæknir mælir svo fyrir. Að jafnaði skal vakthafandi læknir á sjúkrahúsinu ganga stofugang að kvöldi sem og á helgidögum.
2. Aðstoðarlæknar skulu yfirleitt gjöra sjúkraskrá yfir þá sjúkl-
inga, er leggjast inn á sjúkrahúsið, og gefa fyrirmæli um
fyrstu meðferð, svo fremi að slík fyrirmæli ekki liggi fyrir
frá hendi sjúkrahúslæknis.
3. Vakthafandi aðstoðarlæknir leggur inn bráð sjúkdómstil-
felli, er hann telur þarfnast sjúkrahúsvistar. Skal hann og
annast fyrstu meðferð slíkra sjúklunga, svo fremi hann ekki
telji sig þurfa að leita ráða sjúkrahúslæknis þar um.
Þó skal aðstoðarlæknir ætíð hafa samráð við sjúkrahús-
lækni, ef um er að ræða meðferð, er geti haft teljandi á-
hættu í för með sér, sem og ef ástand sjúklings getur talist
alvarlegt eða lífshættulegt.
4. Aðstoðarlæknar skulu að jafnaði sjá um útskriftir sjúklunga
skv. nánari fyrirmælum sjúkrahúslæknis hverju sinni. Að
lokinni útskrift skulu sjúkraskrár ganga til sjúkrahúslæknis
til yfirlits, áður en þær eru látnar í sjúkraskrárgeymslu.
5. Um daglegt verksemi aðstoðarlækna, að því leyti er ekki er
tekið fram hér að framan, fer eftir nánari fyrirmælum
sjúkrahúslæknis í samræmi við þau verkefni, er fyrir liggja
á sjúkrahúsinu hverju sinni. Reglur þessar eru settar skv.
2. málsgr. 4. gr. sjúkrahúsálaga svo og 1. gr. reglugerðar um
störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík frá 11. apríl 1969.

Húsavík, 1. júní 1969.

Sjúkrahúslæknir“.

Samkvæmt samþykkt stjórnarfundar sjúkrahússins var stefn-
anda sagt upp störfum með bréfi, dags. 24. júní 1969, og hljóð-
ar bréf þetta svo:

„Stjórn Sjúkrahússins í Húsavík hefur á fundi sínum í dag
samþykkt að senda yður svohljóðandi bréf:

Eins og yður er kunnugt, herra yfirlæknir, hefur komið til
árekstra milli yðar og sjúkrahússtjórnar, þar eð þér hafið eigi
hlýðnast fyrirmælum stjórnarinnar og ekki virt vilja hennar
í sambandi við skipulag á starfi lækna o. fl. við sjúkrahúsið í
Húsavík. Sjúkrahússtjórn telur, að þegar af þessari ástæðu haf-

ið þér fyrirgert rétti til stöður yðar. Er yður því hér með sagt upp starfi sem yfirlæknir við sjúkrahúsið í Húsavík.

Eins og máli þessu er háttað, telur stjórnin yður ekki eiga rétt á uppsagnarfresti, en hefur þó ákveðið, að uppsögn yðar gildi með 3ja mánaða fyrirvara frá 1. júlí n.k. að telja. Þá er einnig lagt fyrir yður að rýma læknisbústaðinn að Höfðabrekku 12 eigi síðar en 30. september n.k.“.

Stefnandi mótmælti fljótlega uppsögn þessari með bréfi.

Stefnandi gegndi starfi yfirlæknis á Húsavík til 1. október 1969 og fékk fullt uppgjör til þess tíma. Þaðan hélt hann beint til Neskaupstaðar og tók þar við stöðu yfirlæknis. Hann kvaðst ekki hafa tapað neinum tekjum hina næstu þrjá mánuði eftir 1. október 1969 miðað við það, að hann hefði verið yfirlæknir á Húsavík á sama tíma.

3.0.

3.1. Sóknarástæður stefnanda eru á því reistar, að honum hafi verið vikið úr fastri stöðu án saka. Af þeim sökum sé stefndi bótaskyldur gagnvart sér.

Stefnandi telur sig hafa verið opinberan starfsmann í fastri stöðu. Hann bendir á, að sjúkrahúsið sé í eign opinberra aðilja.

Aldrei hafi farið á milli mála, að hér hafi verið um fram-tíðarstöðu að ræða. Stjórnarmenn hafi látið þetta ótvírætt í ljós og það skilyrði hafi verið sett, að stefnandi færi utan og dveldist þar a. m. k. í ár til undirbúnings starfinu. Engin upp-sagnarákvæði hafi verið sett í ráðningarsamninginn né í bók-un um ráðningu, og stefnandi fullyrðir, að ráðningarsamning-urinn hafi verið gerður beint við sig, en ekki við læknafélag-ið fyrir sína hönd. Þá hafi stjórn sjúkrahússins samþykkt að útvega stefnanda lán til fyrirhugaðrar húsbyggingar hans í Húsa-vík og taka ábyrgð á láni þessu. Enn fremur fullyrðir stefn-andi, að hann hafi ekki verkfallsheimild samkvæmt lögum nr. 33/1915.

Þetta ásamt fleiru telur stefnandi sanna það ótvírætt, að hér hafi verið um fasta stöðu að ræða.

Stefnandi telur frávikninguna ólöglega, þar sem reglugerðin, og þá einkum 4. gr. hennar, og fyrirskipanir um framkvæmd hennar fá ekki samrýmzt því ástandi og ábyrgð, sem yfirlækni sé falið samkvæmt 4. gr. sjúkrahúsálaga.

Auk þess heldur stefnandi því fram, að með ofangreindum aðgerðum hafi verið unnið markvisst að því að bola sér úr starfi.

Varakrafa stefnanda er reist með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 38/1954. Frávikninguna megi þannig jafna til þess, að föst staða sé lögð niður. Samkvæmt því eigi stefnandi rétt til fastra launa í sex mánuði eftir 30. september 1969 auk flutnings- og ferðakostnaðar.

Varðandi fjárhæð dómkrafnanna heldur stefnandi því fram, að hann hafi orðið fyrir mikilli röskun á stöðu og högum vegna frávikningarinnar, auk þess sem framkoma stefnda hafi bakað honum leiðindi og álitshnekk. Stefnandi hafi orðið að hrökklast úr starfi, sem hann hafi sérstaklega búið sig undir, og flytja til fjarlægs landshluta. Framhaldsmenntunin komi að takmörkuðum notum, þar sem menntun þessi komi ekki til góða nema að litlu leyti til að öðlast sérfræðingsréttindi. Allt þetta umstang hafi bakað stefnanda verulegan kostnað, bæði í fargjöldum, flutningskostnað o. s. frv. Telur hann bætur fyrir röskun á stöðu og högum hæfilega metnar á kr. 1.000.000.00, en bætur fyrir flutningskostnað á kr. 200.000.00.

Föst laun sín telur stefnandi hafa numið í september 1969 í raun 51.550.00 að viðbættri þóknun fyrir vaktir, kr. 8.649.00, yfirvinnu, kr. 3.000.00, og bílastyrk, kr. 1.200.00, alls kr. 64.399.00.

3.2. Stefndi reisir sýknukröfu sína á tveim meginástæðum: A. Stefndi telur ótvírætt með öllu, að umrædd reglugerð, sbr. 2.3., sé formlega og efnislega lögleg að öllu leyti. Stefnandi hafi fyrst sýnt tregðu og síðan algerlega neitað að hlýða reglugerðinni um störf lækna við Sjúkrahúsið í Húsavík, sem sett hafi verið af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 11. apríl 1969 samkvæmt sjúkrahúsalögum nr. 54/1964. Telur stefndi ótvírætt, að með þessu broti hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til stöðu sinnar og fyrirvaralaus frávikning hafi verið réttmæt, eins og á stóð, hvornig sem ráðningu hans var háttað.

Stefndi telur, að stefnanda hafi mátt frá upphafi vera ljóst, að staða sú, sem síðar var ákveðið að veita honum að fullnægðum vissum skilyrðum, hafi falið í sér nýskipan mála, einkum varðandi læknameiðstöð, sem hann yrði að hlíta, ef hann tæki við henni. Í því ljósi verði að skoða það, sem síðar hafi gerzt. Af þessum sökum telur stefndi fráleitt, að reynt hafi verið að bola stefnanda úr starfi.

B. Í annan stað styður stefndi sýknukröfu sína við þau rök, að staða stefnanda hafi verið uppsegjanleg, og því hafi verið heimilt að segja honum upp með þeim fyrirvara, sem gert hafi verið, þótt ekki hafi verið um að ræða brot í starfi.

Þannig telur stefndi, að hér hafi ekki verið um fasta fram-
tíðarstöðu að ræða, heldur stöðu með þriggja mánaða uppsagn-
arfresti. Stefndi telur ljóst, að lög nr. 38 frá 1954 um réttindi
og skyldur starfsmanna ríkisins eigi ekki við um starf stefn-
anda. Engin almenn regla um starfsmenn sveitarfélaga veiti
ævilangan rétt til stöðu á þann hátt sem hér sé gert ráð fyrir.
Margt annað mæli einnig gegn því, að hér hafi verið um fasta
stöðu að ræða, t. d. hafi starfið verið nýtt, sameignarfélag hafi
ráðið stefnanda til starfa, engin afstaða hafi verið tekin til
annarra kjara og réttindaatriða varðandi starfið, ráðningin hafi
verið skilyrt og samtímis ráðningunni hafi verið gerðar sam-
þykktir um nýskipan læknamála og því augljós óvissa um fram-
tíðarskipun starfa við sjúkrahúsið. Loks bendir stefndi á, að
skilyrði landlæknis um a. m. k. eins árs viðbótarnám hafi verið
lágmarkskrafa um hæfni, sem stefnandi hafi orðið að fullnægja
til þess að eiga kost á stöðunni. Bið í eitt ár hafi þess vegna
verið samþykkt vegna stefnanda, en skapi honum ekki neinn
rétt.

Þá vikur stefndi að bókun þeirri, sem gerð var á stjórnar-
fundi þann 8. nóvember 1968, „Uppsögn ráðningar skal vera
samkvæmt reglum um sambærilega starfsmenn Reykjavíkurborgar
hverju sinni“, sbr. 2.1. Stefndi telur vafalaust, að stefn-
anda hafi verið um þessa bókun kunnugt, þegar hann undirrit-
aði ráðningarsamninginn fimm dögum síðar. Með orðunum „sam-
bærilegum starfsmönnum hjá Reykjavíkurborg“ telur stefndi
vafalaust átt við lækna, sem ráðnir séu samkvæmt samningi
Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, en það séu
yfirlæknar, sérfræðingar og aðstoðarlæknar. Ráðning samkvæmt
slíkum samningi veitir hins vegar ekki rétt til fastrar stöðu,
svo sem kveðið sé á um í reglugerð um fastráðna starfsmenn
Reykjavíkurborgar.

Læknafélag Reykjavíkur hafi frá 1966 gert kjarasamninga
við Reykjavíkurborg og ríkið um kjör félaga sinna. Með þeirri
samningsgerð hafi skilið leiðir lækna og annarra opinberra starfs-
manna.

Kjör lækna ákvarðist þannig ekki lengur samkvæmt lögum
nr. 55/1962 um ríkisstarfsmenn eða reglugerð nr. 159/1962 um
starfsmenn sveitarfélaga, heldur með sérstökum kjarasamningi
stéttarfélags þeirra.

Hjá Reykjavíkurborg sé í gildi reglugerð um réttindi og skyld-
ur Reykjavíkurborgar. Í fyrstu grein reglugerðarinnar segir svo:

„Reglur þessar taka til hvers manns, sem er fastráðinn eða lausráðinn í þjónustu Reykjavíkurborgar og ekki er ráðinn samkvæmt kjarasamningi stéttarféлага“.

Þeir læknar, sem ráðnir séu samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur, falli án vafa utan reglugerðarinnar og komi því ekki til álitu, að þeir njóti réttinda fastráðinna starfsmanna til stöðu. Engin önnur heimild en reglugerðin sé til um ævilangan rétt til stöðu hjá Reykjavíkurborg. Ákvæði 1. gr. ráðningarsamnings stefnanda, að „almenn ráðningarkjör“ fari eftir samningum L. R. og Reykjavíkurborgar, hafi því ekki getað veitt stefnanda ævilangan rétt til stöðunnar.

Í Kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur séu engin ákvæði um rétt einstakra lækna til stöðu eða um uppsögn þeirra. Þeir, sem ráðnir séu samkvæmt samningum, séu samkvæmt framansögðu ótvírætt lausráðnir og staða þeirra því uppsegjanleg. Lengd uppsagnarfrestsins fari eftir almennum reglum, geti ekki verið meiri en almennt gildi um borgarstarfsmenn, eða þrjá mánuði. Uppsagnarfrestur lækna samkvæmt samningum ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur séu tveir mánuðir.

Enn fremur sé á það að benda, að skipaðir starfsmenn Húsa-víkurkaupstaðar hafi þriggja mánaða uppsagnarfrest samkvæmt 59. gr. reglugerðar nr. 163/1962.

Þá hefur stefndi gert nokkrar athugasemdir við fjárkröfuliði. Hann segir óljóst, á hverju krafa um sex mánaða laun til viðbótar 3ja mánaða launum sé byggð. Hann mótmælir því sérstaklega, að reiknuð sé greiðsla fyrir yfirvinnuvaktir, bíl-kostnað og þess háttar, sem óháð sé föstum launum stefnanda. Þá sjáist stefnanda yfir það, er hann tilgreini mánaðarlaun sín í september 1969 kr. 51.550.00, að þar er innifalin greiðsla fyrir yfirvinnu o. fl., sem nemi helmingi þeirrar fjárhæðar, þ. e. föst laun samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Læknafélags Íslands og Reykjavíkurborgar.

Stefndi telur skorta allar heimildir til þess að taka kröfu stefnanda um miskabætur til greina. Því fari fjarri, að skilyrðum 264. gr. almennra hegningarlaga sé fullnægt, en slíkar bætur verði ekki dæmdar án beinna lagaheimilda. Auk þess mótmælir stefndi, að stefnandi hafi beðið nokkurt tjón við það, að honum hafi verið sagt upp starfi.

Stefndi mótmælir enn fremur kröfu stefnanda um kr. 200.000.00

við kostnað fyrir ferðalög og flutning. Hann bendir á, að framhaldsnám í læknisfræði sé undantekningarlaust — lítið, stundað erlendis og hljóti stefnandi að hafa gert ráð fyrir að greiða „fargjöld, flutningskostnað o. s. frv.“ báðar leiðir. Námsferð sú, sem hann hafi farið, hafi auk þess komið honum að fullum notum nú og því örðugt að sjá, að hér geti verið um bótaskyلت tjón aðræða.

4.0.

4.1. Samkvæmt 4. gr. sjúkrahúsalaga nr. 54/1964 skal við hvert sjúkrahús, sem tekur sjúklinga til dvalar, vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir. Skal sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir að jafnaði annast öll læknisstörf eða hafa yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið. Þá skal sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir hafa lækniseftirlit með rekstri sjúkrahússins. Í 4. mgr. 4. gr. laganna er ráð fyrir því gert, að heimila megji, að einn eða fleiri læknar starfi við sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, en engu að síður skal þó vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina. Eru ákvæði 4. gr. óbreytt allt frá því, sem var í sjúkrahúsalögum nr. 30/1933. Í greinargerð með þeim lögum segir svo um ákvæði 4—5. gr. „4—5. gr. Þess er krafizt, að einn læknir beri höfuðlæknisábyrgð á hverju sjúkrahúsi eða sjúkrahúsdeild, og ákvæði eru sett til tryggingar því, að til þess séu valdir hæfir sjúkrahúslæknar, þegar um er að ræða öll meiri háttar sjúkrahús. Stjórn Læknafélags Íslands sem hefur haft frumvarpið til umsagnar, felst á þessi ákvæði, aðeins virðist hún kjósa, að skilyrðislaust sé krafizt hæfra sjúkrahúslækna að hverju sjúkrahúsi og engin sérákvæði séu höfð um héraðslæknana. En það þykja of ströng fyrirmæli, og verður að trúá hverjum héraðslækni fyrir að gæta smásjúkraskýlis við hæfi héraðsins. Álitamál getur þó orðið, hvort hér er hæfilega ákveðinn rúmafjöldi slíkra sjúkraskýla“.

Það verður að telja eðli málsins samkvæmt, að samfara þeim skyldum, sem yfirlækni eru lagðar á herðar með því að annast að jafnaði öll læknisstörf eða hafa yfirumsjón með öllum læknisstörfum sjúkrahúss, fari vald til að ákveða læknismeðferð og segja fyrir um framkvæmd einstakra þátta hennar, þó með því fráviki, sem ráð er fyrir gert í 4. mgr. 4. gr. sjúkrahúsalaganna. Í 1. gr. reglugerðar nr. 103/1969 um störf lækna við sjúkrahúsið í Húsavík eru ítrekaðar þær starfsskyldur yfirlækni, sem fyrir er mælt í 4. gr. sjúkrahúsalaganna. Í

2. gr. er mælt fyrir um samstarfsnefndir lækna, sem við sjúkrahúsið eru ráðnir. Er þar ákveðið, að samstarfsnefndin beri ábyrgð á, að staðli um lækniþjónustu sjúkrahúss, ef settur verður, sé fylgt. Í niðurlagi 1. gr. reglugerðarinnar er hins vegar ákveðið, að yfirlæknir beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu sjúkrahússins gagnvart sjúkrahússtjórn. Í 3. gr. reglugerðarinnar er kveðið nánar á um starfshætti samstarfsnefndarinnar, og eru þar í staflidum a—g tilgreind málefni, sem henni er ætlað að fjalla um. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. er samstarfsnefndinni ætlað að taka ákvarðanir um stundun sjúklinga samkvæmt e lið, en það ákvæði er svohljóðandi:

„Ákvarðanir um stundun sjúklinga, þ. á. m. hvaða læknir skuli aðallega annast meðferð „akut“ innlagðs sjúklings (sjúklinga) frá síðasta fundi nefndarinnar“. Í 4. gr. reglugerðarinnar er kveðið svo á, að um verkaskiptingu lækna sjúkrahússins og skiptingu sjúklinga milli lækna fari eftir samkomulagi þeirra og/eða reglum, er sjúkrahússtjórn setur að fengnum tillögum samstarfsnefndar. Samkvæmt þessum ákvæðum 3. og 4. gr. reglugerðarinnar var ekki tryggt, að yfirlæknirinn fengi ráðið lækni meðferð sjúklinga á sjúkrahúsinu. Þó verður eigi séð, að með setningu reglugerðarinnar hafi aðstoðarlæknum verið veitt heimild til að starfa sem sjálfstæðir læknar samkvæmt 4. mgr. 4. gr. sjúkrahúsalaða, enda er yfirlækni sjúkrahússins eftir sem áður ætlað að mæla fyrir um meiri háttar aðgerðir, sbr. niðurlagsákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, sbr. og 1. gr. reglugerðarinnar. Verður að telja, að í ákvæðum reglugerðarinnar nr. 103/1969, sem hér hafa verið rakin, felist skerðing á því ákvörðunarvaldi yfirlæknis sjúkrahússins, sem telja verður samkvæmt undirstöðurökum samfara hinum ríku skyldum, sem á yfirlækna sjúkrahúsa eru lagðar samkvæmt 4. gr. sjúkrahúsalaðanna. Þykir reglugerðin því að þessu leyti ekki eiga stöð í ákvæðum laga nr. 54/1964. Samkvæmt þessu verður uppsögn stefnanda úr starfi yfirlæknis við Sjúkrahúsið í Húsavík, sem telja verður, að byggzt hafi á því, að hann taldi sér ekki fært að fara eftir ákvæðum reglugerðarinnar, sem færi í bága við ákvæði sjúkrahúsalaða, talin óréttmæt. Á stefnandi því rétt á bótum úr hendi stefnda vegna hinnar óréttmætu uppsagnar. Samkvæmt því, sem fram er komið um efni ráðningarsamnings stefnanda, verður eigi talið, að hann hafi verið opinber starfsmaður í fastri stöðu. Verður eigi talið, að ákvæði laga nr. 38/1954 hafi tekið til ráðningarkjara stefnanda. Eigi verð-

ur heldur séð, að samið hafi verið um ákveðinn uppsagnarfrest, og haggar einhliða bókun í fundargerðarbók stefnda eigi þeirri niðurstöðu. Þegar hins vegar er virt starf það, sem stefnandi gegndi, og ábyrgð sú, sem því fylgdi, og hafðar í huga kröfur þær, sem til stefnanda voru gerðar við ráðningu, þá verður að telja, að réttarstaða stefnanda hafi verið slík, að hann hafi átt rétt á sex mánaða uppsagnarfresti úr starfi. Við uppsögnina stofnaðist réttur til bóta úr hendi stefnda stefnanda til handa. Stefnandi var ráðinn yfirlæknir við annað sjúkrahús, þegar hann lét af starfi hjá stefnda, og er fram komið, að hann hefur ekki misst af tekjum á uppsagnarfrestinum. Eigi þykir þó stefnandi af þeim sökum hafa glatað rétti sínum til bóta úr hendi stefnda. Ekki þykir grundvöllur til að dæma stefnanda bætur fyrir miska, óþægindi og röskun á stöðu og högum. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda var það skilyrði sett fyrir ráðningu stefnanda sem yfirlæknis við sjúkrahús stefnda, að hann færi til framhaldsnáms. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið um ráðningarkjör stefnanda, þykir því ekki grundvöllur til að dæma honum bætur vegna kostnaðar, sem framhaldsnáminu var samfara. Er og á það að líta í því sambandi, að stefnandi fékk greiddan hluta fastra launa, meðan á námi stóð. Við ákvörðun bóta til stefnanda þykir rétt að hafa mið af uppsagnarfresti þeim, sem stefnanda bar samkvæmt framansögðu, og þeim föstu tekjum, sem hann hafði í starfi sínu hjá stefnda, og jafnframt þykir rétt að hafa í huga kostnað, sem hefur orðið við flutning stefnanda frá Húsavík til Neskaupstaðar. Eftir öllum atvikum þykja bætur þær, sem stefnanda ber úr hendi stefnda samkvæmt þessu, hæfilega ákveðnar kr. 160.000.00. Samkvæmt því verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, 7% árvöxtum frá 30. september 1969 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Pétursson og Guðmundur Jónsson.

Dómsorð:

Stefndi, Sjúkrahúsið í Húsavík s/f, greiði stefnanda, Daníel Daníelssyni, kr. 160.000.00 með 7% árvöxtum frá 30. september 1969 til greiðsludags og kr. 50.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

dómsformanns, Stefáns M. Stefánssonar borgardómara.

4.2. Hið stefnda sameignarfélag er stofnað til þess að koma upp og starfrækja sjúkrahús í Húsavík og nokkrum nærliggjandi læknishéruðum.

Það er talið stofnað á grundvelli laga um sjúkrahús o. fl., sbr. nú lög nr. 54/1964. Félagið er í sameign Húsavíkurkaupstaðar, sýslusjóðs Suður—Þingeyjarsýslu og nokkurra hreppsfélaga, en sveitarfélögum er m. a. skylt að annast hreinlætis- og heilbrigðismál. Ráðherra veitir leyfi samkvæmt tilvitnuðum lögum til að setja á stofn og starfrækja sjúkrahús að uppfylltum skilyrðum, sem nánar eru rakin í 2. gr. laganna, og heilbrigðisyfirvöld hafa aðgang til eftirlits með slíkum sjúkrahúsum.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna skal leita staðfestingar ráðherra á reglugerðum um starfrækslu sjúkrahúsa og annarra stofnana, sem um getur í lögnum, og getur ráðherra krafizt, þegar honum þykir ástæða til, að slíkar reglugerðir séu settar.

Samkvæmt 4. gr. laganna skal vera sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir við hvert sjúkrahús eða stofnun, sem tekur sjúklinga til dvalar eða lækninga, sem m. a. annast að jafnaði öll læknisstörf eða hafa yfirumsjón með öllum læknisstörfum við sjúkrahúsið og lækni eftirlit með rekstri þess. Sé sjúkrahús í fleiri en einni deild, skal sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir vera fyrir hverri deild.

Í síðustu málsgrein 4. gr. laganna er að því vikið, að sé heimilað, að fleiri en einn læknir starfi sjálfstætt við eitt og sama sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, þá skuli engu að síður vera sérstakur yfirlæknir við sjúkrahúsið eða deildina og eins þó að sjúkrahúsið eða deildin sé opin fyrir alla lækna. Í 5. gr. ofangreindra laga er vikið að skilyrðum þess, að læknir geti talizt hæfur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir, en sérstök lagaskilyrði eru eigi um aðra lækna, sem starfa við sjúkrahús samkvæmt ofangreindu, utan þess, sem felst í lækningaleyfi þeirra. Stefandi var ráðinn yfirlæknir við sjúkrahúsið, en læknarnir tveir önnuðust í sameiningu störf aðstoðarlæknis samkvæmt ráðningarsamningi sínum við stjórn sjúkrahússins. Til þess að útkljá ágreining milli læknanna staðfesti ráðherra að frumkvæði og með samþykki stjórnar sjúkrahússins reglugerð, sem rakin er í 2.4., en heimild til setningar hennar er talin 2. gr. laga nr. 54/1964. Á fundi sjúkrahússtjórnar 12. maí 1969 var stefnanda boðið að láta reglugerðina koma til framkvæmda

í sjúkrahúsinu með þeim hætti, sem rakin er í 2.4., en áður höfðu aðiljar máls þessa skipzt á gagnstæðum skoðunum um gildi hennar.

Taldi stefnandi reglugerðina í verulegum atriðum ólöglega, einkum 1. mgr. 4. gr. og sum atriði 3. gr. hennar, og fara í bága við þær starfsskyldur og ábyrgð, sem honum væri á herðar lagðar með 4. gr. laga nr. 54/1964. Svarbréf stefnanda, dags. 12. maí 1969, starfsreglur hans, er fólu efnislega í sér veruleg frávik frá ákvæðum reglugerðarinnar, og önnur afstaða hans í þessu sambandi, sbr. 2.4., jafngilti í raun algerri synjun hans á kröfu sjúkrahússtjórnar samkvæmt framanrituðu.

Sé til reglugerðarinnar litið og hún borin saman við ákvæði laga nr. 54/1964 og aðrar réttarheimildir, sem hér þykja skipta máli, þá verður eigi annað séð en að setning hennar hafi farið fram með lögmætum hætti. Þegar 4. gr. laga nr. 54/1964 er athuguð, einkum lokamálsgrein hennar, verður heldur eigi full-yrst, að reglugerðin í heild sinni eða einstök ákvæði hennar brjóti í bága við þær starfsskyldur, sem yfirlækni er falið með tilvitnaðri 4. gr. laga 54/1964 samkvæmt rétttri lögskýringu hennar.

Í umræddri reglugerð fólst að vísu nýmæli um skipan lækna-mála við Sjúkrahúsið á Húsavík. Afstaða stefnanda til hennar var hins vegar afdráttarlaus og alger samkvæmt framanrituðu. Með hliðsjón af þessu verður ekki heldur talið, að ráðningar-samningurinn, venjur eða önnur atvik hafi réttlætt nægilega slíka synjun, eins og málum var hér háttáð.

Undanfærsla stefnanda á að sinna boði sjúkrahússtjórnar var því eigi á nægum rökum reist og synjun hans því ólög-mæt. Af þessum sökum var framangreind uppsögn, dags. 24. júní 1969, lögmæt og því eigi efni til að dæma stefnanda bætur af því tilefni.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Sératkvæði mitt er því:

Stefndi, Sjúkrahúsið í Húsavík s/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Daníels Daníelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.